

# Fundargerð aðalfundar

## foreldrafélags Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK

Mánudaginn 15. október 2018 kl. 20:30  
Holtavegi 28, Reykjavík

**Fundarmenn:** 20 mættir. Skólastjóri, kennarar, foreldrar og aðstandendur barna á Vinagarði.

Eftirtalin mál voru tekin fyrir á fundinum.

### 1 Kosning fundarstjóra og fundarritara

Guðmundur Karl Einarsson var tilnefndur fundarstjóri og fundarritari var Berglind Ingvarsdóttir.

### 2 Skýrsla stjórnar

Guðmundur Karl, gjaldkeri foreldrafélagsins, lagði skýrslu stjórnar fram.

### 3 Reikningar lagðir fram til samþykktar

Guðmundur Karl, gjaldkeri foreldrafélagsins, lagði reikninga fram til samþykktar. Reikningarnir og þar með ársreikningurinn var samþykktur.

### 4 Ákvörðun félagsgjalds

Tillaga fráfarandi stjórnar er að félagsgjald verði óbreytt:

- 5.000 kr fyrir eitt barn.
- 7.500 kr fyrir tvö börn eða fleiri.

Tillagan samþykkt.

### 5 Kosning stjórnar

Eftirtaldir buðu sig fram í stjórn. Kosning var einhljóða og allir kosnir. Fundurinn samþykkti að kjörnir stjórnarmenn myndu skipta með sér verkum og ákveða aðal- og varamenn.

- Anna Beta Gísladóttir
- Berglind Ingvarsdóttir
- Guðmundur Karl Einarsson
- Hólmfríður Helgadóttir
- Katla Þórarinsdóttir
- Kristbjörg Gunnarsdóttir
- Nanna Kristjánsdóttir
- Ragnar Björgvinsson
- Sara Lind Brynjólfssdóttir
- Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir
- Sigríður Sigurðardóttir

## 6 Önnur mál

Farið var yfir framkvæmdir í leikskólanum. Í fyrstu átti að skipta um dúk í eldhúsi en svo komu í ljós rakaskemmdir og þurfti að gera eldhús og rými við eldhús fokhelt. Unnið er að lagfæringu en þangað til rýmið verður tilbúið er eldaður matur í Hvíta húsinu sem gengur vel.